

## Hagur veiða og vinnslu 2013

*Profitability in fishing and fish processing 2013*

### Samantekt

Hagnaður sjávarútvegsfyrirtækja fyrir afskriftir, fjármagnskostnað og tekjuskatt (verg hlutdeild fjármagns, EBITDA) sem hlutfall af heildartekjum sjávarútvegs minnkaði milli áranna 2012 og 2013. Í fiskveiðum og -vinnslu lækkaði hlutfallið (án milliviðskipta) úr 30% í 26,5%, lækkaði í fiskveiðum úr 25% árið 2012 í 20,1% af tekjum árið 2013 og lækkaði í fiskvinnslu úr 17,2% í 17%.

Hreinn hagnaður (EBT) í sjávarútvegi, samkvæmt árgreiðsluaðferð, nam 18% árið 2013 samanborið við 21,5% árið áður. Í fjárhæðum nam hagnaðurinn 49 milljörðum króna eftir að gjaldfærð hefur verið árgreiðsla að fjárhæð 23,1 milljarðar. Sé miðað við hefðbundna uppgjörsaðferð er niðurstaðan 22,4% hagnaður 2013 eða 60,7 milljarðar, samanborið við 17,5% hagnað árið 2012, enda gætir ekki beinna áhrifa af breytingum á gengi við mat á fjármagnskostnaði sé árgreiðsluaðferðin notuð.

### Inngangur

Hagstofa Íslands tekur árlega saman yfirlit um rekstur helstu greina sjávarútvegs. Við gerð þess er bæði byggt á skattframtölum rekstraraðila og reikningum sem fyrirtæki í sjávarútvegi hafa sent Hagstofunni, og kann hún þeim bestu þakkir fyrir. Niðurstöður Hagstofunnar eru færðar til heildarstærðar miðað við upplýsingar frá Fiskistofu um tekjur í fiskveiðum og svo útflutningsverðmæti á sjávarafurðum. Aðferðin er í samræmi við úrvinnslu Hagstofu Íslands á þessum gögnum og unnin með svipuðum hætti og tilökast hefur um langt árabil. Úrvinnslan er að mestu leyti reist á uppgjörsaðferðum sem beitt er við gerð þjóðhagsreikninga. Niðurstöðurnar geta því vikið að einhverju leyti frá niðurstöðum úr rekstrarframtíðum fyrirtækja sem notuð eru við skattálagningu til dæmis sýna skattframtöl um 30 milljarða lægri veltu í sjávarútvegi árið 2013 en upplýsingar Hagstofu um útflutningstekjur gera ráð fyrir. Þess er þó gætt við uppfærslu reikninganna að rekstrarniðurstöðan verði sú sama hlutfallslega og er í skattframtölunum. Hagstofan byggir niðurstöður sínar á úrtaki en ekki heild og því gæti verið að uppblásturinn verði til þess að hagnaður í krónum talið reiknist of mikill enda er hann áætlaður svipaður fyrir þau fyrirtæki sem ekki eru í úrtakinu og er í heildarniðurstöðum. Það þarf þó ekki að vera þannig þar sem fyrirtæki sem ekki eru í úrtakinu eru oft smærri fyrirtæki eða fyrirtæki sem ganga illa og skila ekki inn ársreikningi. Heildaráhrifin af þessu á niðurstöður eru líklega ekki mikil, enda nær úrtakið til fyrirtækja sem eru með um það bil 84% af veltu greinarinnar. Þá hefur eiginfjárstaða fyrirtækja í sjávarútvegi verið leiðrétt fyrir tvífærslum í samræmi við upplýsingar sem fengust frá endurskoðendum. Yfirlitin sýna afkomu helstu greina veiða og vinnslu sjávarafurða, þ.e. báta í nokkrum stærðarflokkum, uppsjávarveiðiskipa, ísfisktogara, frystitogara, botnfiskfrystingar, botnfisksöltunar, mjöl- og lýsisvinnslu og ferskfiskvinnslu. Ekki er birt sérstakt



yfirlit um rekstur í rækjuvinnslu, herslu og síldarsöltun og er rækjuvinnsla birt með frystingu en hersla og síldarsöltun með botnfishsöltun.

Í heftinu er birt yfirlit um rekstur ársins 2013 sem eru færð upp til heildar ásamt yfirliti um efnahag sjávarútvegsins í heild árin 2007–2013. Einnig er sýnd dreifing vergrar hlutdeilda fjármagns í frystingu og söltun, dreifing afkomu 993 fyrirtækja í úrtaki Hagstofunnar árið 2013 auk dreifingar eiginfárlutfalls í sjávarútvegi 2012–2013. Þá er birt yfirlit um strandveiðar sem fyrst voru leyfðar á fiskveiðíárinu 2008/2009. Á tímabilinu maí–ágúst fiskveiðíárið 2012–2013 voru veiddar á handfæri um 8.900 lestir af óslægðum botnfishi á strandveiðum. 539 bátar stunduðu strandveiðar árið 2013. Yfirlitið er sýnt í töflu 10 og er dregið út úr rekstraryfirliti fyrir báta undir 10 brúttótonnum. Að lokum er yfirlit yfir frystiskip sýnt í töflu 11 þar sem uppsjávarfrystiskip, 6 að tölu, eru dregin út úr rekstraryfirliti fyrir frystitogara sem veiða botnfish.

Hagstofan fær upplýsingar úr ársreikningum fyrirtækja frá Ríkisskattstjóra, byggðar á skattframtóum rekstraraðila en þær nægja ekki þegar ætlunin er að fá aðgreinda mynd af veiðum og vinnslu í sjávarútvegi. Nauðsynlegt er því að afla ýtarlegri upplýsinga beint frá fyrirtækjunum. Þær niðurstöður sem hér birtast eru því að hluta reistar á reikningum sem fyrirtæki í sjávarútvegi hafa sent Hagstofunni og kann hún þeim bestu þakkir fyrir. Niðurstöður Hagstofunnar eru blásnar upp til heildarstærðar miðað við upplýsingar frá Fiskistofu um tekjur í fiskveiðum og svo útflutningsframleiðslu á sjávarafurðum. Þar sem Hagstofan byggir tölur sínar á úrtaki en ekki heild er hætta á að uppblásturinn verði til þess að hagnaður í fjárhæðum reiknist of hár þar sem áætlað er að þau fyrirtæki sem ekki eru í úrtakinu séu með svipaðan hagnað og þau skip sem eru þar. Það þarf þó ekki að vera þar sem fyrirtæki fyrir utan úrtak eru oft smærri fyrirtæki og fyrirtæki sem ganga illa og skila ekki inn ársreikningi. Hagnaðurinn í vinnslunni er því hærri en hann ætti vera sem nemur 8-9 milljörðum en hagnaður vinnslunnar sem hlutfall af tekjum er rétt.

## Niðurstöður

**EBITDA í fiskveiðum og fiskvinnslu árið 2013  
26,5% af tekjum**

**Hagnaður botnfishkveiða  
10,3% og botnfishkvinnslu  
14,7% af tekjum**

Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnskostnað og tekjuskatt (verg hlutdeild fjármagns eða EBITDA) sem hlutfall af heildartekjum sjávarútvegsins minnkaði milli áranna 2012 og 2013. Í fiskveiðum og -vinnslu lækkaði þetta hlutfall (án milliviðskipta) úr 30,3% í 26,5% og í fjárhæðum varð hlutdeildin 72 milljarðar. Í fiskveiðum lækkaði hún úr 25% árið 2012 í 20,1% árið 2013 sem gera tæpa 32 milljarða af tekjum og í fiskvinnslu lækkaði hún úr 17,2% í 17% sem gera rúma 40 milljarða.

Hreinn hagnaður botnfishkveiða og -vinnslu, reiknaður í hlutfalli af tekjum samkvæmt árgreiðsluaðferð, dróst saman úr 21,4% af tekjum árið 2012 í 17,4% árið 2013. Hreinn hagnaður botnfishkveiða minnkaði úr 15,2% af tekjum í 10,3% en hagnaður botnfishkvinnslu úr 16,1% af tekjum í 14,7%. Hreinn hagnaður uppsjávarveiða og bræðslu fór úr 36,1% í 25,2%. Afkoma sjávarútvegsins í heild var góð og reyndist hreinn hagnaður 18% af tekjum að frádregnum milliviðskiptum með hráefni. Í fjárhæðum nam hagnaðurinn 49 milljörðum króna eftir að gjaldfærð hefur verið árgreiðsla að fjárhæð 23,1 milljarðar. Tafla 9 sýnir rekstraryfirlit fiskveiða og fiskvinnslu svo og sjávarútvegsins í heild að frádregnum viðskiptum með hráefni á milli veiða og vinnslu.

Verð sjávarafurða á erlendum mörkuðum í íslenskum krónum lækkaði um 6,1% frá fyrra ári og verð á flotaolíu í USD lækkaði að meðaltali um 3,5% á milli ára. Gengi

dollarans lækkaði um 2,5% á milli ára. Útflutningsverðmæti sjávarútvegs jókst um 1,4%, verð á útflutningsvörum í sjávarútvegi lækkaði um 5,6% og magn útfluttra sjávarafurða jókst um 7,5%. Veiðigjald útgerðarinnar fór úr 12,8 milljörðum fiskveiðíarið 2012/2013 í 9,2 milljarða fiskveiðíarið 2013/2014. Í reikningum fyrirtækjanna er veiðigjaldið talið með öðrum rekstrarkostnaði.

*Hreinn hagnaður uppsjávarfrystiskipa 20,8% af tekjum*

*EBITDA strandveiða 8,9%*

*Árgreiðsla eða hefðbundið uppgjör 2013*

*Eigið fé sjávarútvegs í árslok 2013 rúmir 149 milljarðar*

Hagnaður var á rekstri mjöl- og lýsisvinnslu og uppsjávarveiðiskipa á árinu 2013. EBITDA mjöl- og lýsisvinnslu var 25,1% og uppsjávarveiðiskipa 22,7% af tekjum. Aflí þessara skipa var um 11% minni en fyrra ár.

Strandveiðar stunduðu 539 bátar á árinu 2013, flestir minni en 10 brúttótonn. Aflí bátanna var um 8.900 tonn og aflaverðmætið rúmlega 2,1 milljarðar. EBITDA strandveiðanna árið 2013 var 8,9%. Í töflu 10 er sýnt rekstraryfirlit strandveiðibáta ásamt rekstraryfirliti báta undir 10 brúttótonnum.

Nokkur munur er á afkomu sjávarútvegsins árið 2013 þegar milliviðskipti hafa verið felld út, eftir því hvort hagnaður er reiknaður eftir árgreiðsluaðferð eða á hefðbundinn hátt miðað við gjaldfærðar afskriftir og fjármagnskostnað. Hreinn hagnaður eftir árgreiðslu var 18% en 22,4% sé miðað við hefðbundna uppgjörs-aðferð. Munurinn stafar meðal annars af því að beinna áhrifa af breytingum á gengi við mat á fjármagnskostnaði gætir ekki þegar árgreiðsluaðferdin er notuð og hún því hentugri ef litið er á afkomuna yfir lengra tímabil. Þá er vert að geta þess að árgreiðslan felur í sér gjaldfærslu sem nemur 6% af stofnverði rekstrarfjármuna hvort sem þeir fjármunir eru fjármagnaðir með lánsfé eða eigin fé. Við hefðbundnar uppgjörsaðferðir er aftur á móti gjaldfærður vaxtakostnaður eins og hann varð af lánsfé en engir vextir eru reiknaðir af eigin fé. Ekki var unnt að meta afkomu í rækjuvinnslu árið 2013.

Samkvæmt efnahagsreikningi voru heildareignir sjávarútvegs í árslok 2013 tæpir 530 milljarðar króna, heildarskuldir rúmir 380 milljarðar og eigið fé tæpir rúmir 149 milljarðar. Verðmæti heildareigna lækkaði um 1% frá 2012 og skuldir lækkuðu um rúm 11%. Eiginfjárlutfallið reyndist 28,2% en var 19,9% í árslok 2012. Eiginfjárlutfallið var neikvætt um tæplega 12% í árslok 2008 en árin þar á undan var eiginfjárlutfallið á bilinu 24–29%. Í töflu 8 er sýnd dreifing eiginfjárlutfalls þeirra fyrirtækja sem eru í úrtaki Hagstofunnar árin 2012 og 2013.

Auk þess talnaefnis sem hér birtist má vísa til sambærilegs efnis um fyrrí ár á vef Hagstofunnar, [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is).

## English summary

Statistics Iceland has compiled and analyzed the operating accounts of fishing and fish processing companies for 2013 as well as their balance sheets. Information from these statements along with data on exports and catches were used to measure the overall profitability in the subsectors of these branches of industry.

The results show the profits of the main sub-sectors of these activities such as boats in several size categories, pelagic vessels, wet fish trawlers, freezing trawlers, processing of demersal species like freezing and salting, processing of pelagic and fresh fish processing. The net profit of fishing and fish processing total decreased somewhat between 2012 and 2013 or from 21,5% to 18% (corrected for the effect of changes in the exchange rate according to the annuity approach and 6% rate of return). Net

profit of fishing and fish processing of demersal species decreased from the year before or from 21,4% of revenue to 17,4%.

Aggregated balance sheet of fishing and fish processing shows that the total worth of assets of the fisheries are ISK 530 billion, liabilities are worth of ISK 380 billion and equity more than ISK 149 billion.

Comparable time series for previous years are available on the web site of Statistics Iceland, [www.statice.is](http://www.statice.is).

### Tafla 1. Hreinn hagnaður sjávarútvegs miðað við árgreiðsluaðferð og 6% ávöxtun

Table 1. Net profit in fishing and fish processing, using annuity approach (imputed cost of capital) and 6% rate of return

| Slutfall af tekjum Percent of revenue  | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 |
|--|------|------|------|------|------|------|------|
| 1. Sjávarútvegur í heild <sup>1,2</sup> <i>Fishing and fish processing, total<sup>1,2</sup></i>                    | 10,3 | 19,1 | 22,0 | 19,8 | 22,6 | 21,5 | 18,0 |
| 1.1 Veiðar og vinnsla botnfisks <sup>2</sup><br><i>Fishing and fish processing of demersal species<sup>2</sup></i> | 12,8 | 24,6 | 25,1 | 21,5 | 24,5 | 21,4 | 17,4 |
| 1.1.1 Botnfiskveiðar <i>Fishing of demersal species</i>  | 12,6 | 16,2 | 18,3 | 15,9 | 16,7 | 15,2 | 10,3 |
| Bátar <i>Boats</i>   | 13,6 | 22,4 | 16,4 | 12,5 | 9,6  | 14,3 | 7,9  |
| Tograrar <i>Trawlers</i>   | 17,3 | 5,3  | 23,2 | 20,5 | 20,6 | 16,8 | 10,7 |
| Frystiskip <i>Freezing vessels</i>   | 8,7  | 14,0 | 18,1 | 17,8 | 21,5 | 16,2 | 12,7 |
| 1.1.2 Botnfiskvinnsla <i>Processing of demersal species</i>  | 3,3  | 20,2 | 18,7 | 15,3 | 19,6 | 16,1 | 14,7 |
| Frysting <i>Freezing</i>   | 3,1  | 19,2 | 13,5 | 14,9 | 22,1 | 18,7 | 16,0 |
| Söltun <i>Salting</i>  | 3,6  | 21,6 | 24,4 | 15,8 | 13,9 | 10,2 | 11,2 |
| 1.2 Veiðar og vinnsla rækju <sup>2</sup> <i>Fishing and processing of shrimp<sup>2</sup></i>                       | -    | -    | -    | -    | -    | -    | -    |
| 1.3 Uppsjávarfisksveiðar og -bræðsla <sup>2</sup><br><i>Fishing and processing of pelagic fish<sup>2</sup></i>     | 9,4  | 31,6 | 26,1 | 31,0 | 29,9 | 36,1 | 25,2 |

<sup>1</sup> Hér eru taldar með botnfiskveiðar og -vinnsla, rækjuveiðar og -vinnsla og uppsjávarfisksveiðar og bræðsla. Uppsjávarfrystikip eru innifalin í frystiskipum og uppsjávarfrysting í frystingu. Included here are fishing and porcessing of demersal species, shrimp, and pelagic fish. Pelagic freezers are included in freezing vessels and frozen pelagic product are included in freezing.

<sup>2</sup> Miðað er við tekjur greinanna alls að frádegnum milliviðskiptum með hráefni. The income exclude transactions of raw material between enterprises.

**Tafla 2. Rekstraryfirlit fiskveiða 2013**  
**Table 2. Operating accounts of fishing 2013**

| Milljónir króna<br>Million ISK   | Bátar<br>undir 10 b.t.<br>Boats<br>Alls<br>Total      |   | Bátar<br>10–200 b.t.<br>Boats<br>less than<br>10 GT |   | Bátar<br>>200 b.t.<br>Boats over<br>200 GT   |   | Uppsjávar-<br>veiðiskip<br>Pelagic<br>vessels | Ísfisk-<br>togarar<br>Fresh fish<br>trawlers | Frysti-<br>togarar<br>Freezer<br>trawlers |
|--|---|---|---|---|--|---|---|--|---|
|  | Bátar<br>undir 10 b.t.<br>Boats<br>less than<br>10 GT | Bátar<br>10–200 b.t.<br>Boats<br>10–200<br>GT | Bátar<br>>200 b.t.<br>Boats over<br>200 GT          | Uppsjávar-<br>veiðiskip<br>Pelagic<br>vessels | Ísfisk-<br>togarar<br>Fresh fish<br>trawlers | Frysti-<br>togarar<br>Freezer<br>trawlers |   |  |   |
|  | 157.538   | 6.716   | 22.675  | 23.448  | 23.353                                       | 21.258                                    | 60.088  |  |   |
| <b>1. Tekjur alls <i>Operating revenues</i></b>                          |   |   |   |   |  |   |   |  |   |
| 1.1 Útflutningstekjur <i>Export products</i>                             | 60.120  | 5   | 91  | 1.312   | 151  | 3.563                                     | 54.998  |  |   |
| 1.2 Selt hráefni <i>Fresh fish for processing</i>                        | 92.440  | 6.292   | 21.656  | 20.975  | 22.820                                       | 17.142                                    | 3.556   |  |   |
| 1.3 Aðrar tekjur <i>Other income</i>                                     | 4.978   | 420   | 928   | 1.161   | 383  | 552                                       | 1.534   |  |   |
| <b>2. Gjöld alls <i>Operating expenses</i></b>                           | <b>125.872</b>  | <b>6.055</b>                                  | <b>18.381</b>                                       | <b>18.759</b>                                 | <b>18.059</b>                                | <b>16.970</b>                             | <b>47.649</b>                                 |  |   |
| 2.1 Aflahlutir <i>Fishermen's shares</i>                                 | 42.206  | 1.234   | 5.171   | 5.971   | 6.228  | 5.390                                     | 18.211  |  |   |
| 2.2 Önnur laun <i>Other wages</i>  | 6.871   | 292   | 1.641   | 1.176   | 1.066  | 804                                       | 1.891   |  |   |
| 2.3 Launatengd gjöld <i>Labour related costs</i>                         | 6.955   | 271   | 804   | 1.256   | 455  | 1.323                                     | 2.847   |  |   |
| 2.4 Olíur <i>Oil</i>   | 17.154  | 625   | 2.041   | 2.210   | 3.062  | 2.166                                     | 7.051   |  |   |
| 2.5 Veiðarfæri <i>Fishing gear</i>                                       | 3.936   | 290   | 518   | 527   | 885  | 388                                       | 1.328   |  |   |
| 2.6 Viðhald <i>Maintenance and repair</i>                                | 8.683   | 600   | 1.101   | 1.490   | 1.518  | 1.000                                     | 2.974   |  |   |
| 2.7 Frystikostnaður, umbúðir o.fl.<br><i>Packaging and freezing cost</i> | 1.516   | —   | —   | —   | —  | —   | 1.516   |  |   |
| 2.8 Flutningskostnaður <i>Transportation cost</i>                        | 1.788   | 348   | 490   | 124   | 23   | 85  | 717   |  |   |
| 2.9 Laun v/skrifstofu <i>Salaries</i>                                    | 930   | —   | —   | 157   | 187  | 117                                       | 468   |  |   |
| 2.10 Skrifstofukostnaður<br><i>Overhead cost, excluding salaries</i>     | 4.259   | 634   | 1.207   | 1.061   | 140  | 430                                       | 787   |  |   |
| 2.11 Tryggingar <i>Insurance</i>   | 1.555   | 72  | 227   | 234   | 329  | 196                                       | 497   |  |   |
| 2.12 Sölukostnaður <i>Sales cost</i>                                     | 2.063   | —   | 108   | 279   | 71   | 804                                       | 801   |  |   |
| 2.13 Löndunarkostnaður <i>Landing cost</i>                               | 2.484   | —   | 103   | 395   | 365  | 537                                       | 1.084   |  |   |
| 2.14 Önnur gjöld <i>Other expenses</i>                                   | 25.471  | 1.687   | 4.968   | 3.878   | 3.732  | 3.729                                     | 7.477   |  |   |
| <b>3. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) (3.=1.-2.)</b>                   |   |   |   |   |  |   |   |  |   |
| <b>Share of capital, gross</b>   | <b>31.666</b>   | <b>661</b>                                    | <b>4.294</b>  | <b>4.689</b>                                  | <b>5.294</b>                                 | <b>4.288</b>                              | <b>12.439</b>                                 |  |   |
| Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>                             | 20,1  | 9,8   | 18,9  | 20,0  | 22,7   | 20,2                                      | 20,7  |  |   |
| 4. Afskriftir <i>Depreciation</i>  | 7.339   | 723   | 823   | 1.266   | 2.911  | 630                                       | 985   |  |   |
| 5. Vextir og gengismunur <i>Interest and exchange rate adjustments</i>   | -3.657  | 238   | -1.100  | 430   | 58   | -1.265                                    | -2.018  |  |   |
| <b>6. Hreinn hagnaður (EBT) <i>Profit (6.=3.-4.-5.)</i></b>              | <b>27.985</b>   | <b>-299</b>                                   | <b>4.571</b>  | <b>2.993</b>                                  | <b>2.326</b>                                 | <b>4.922</b>                              | <b>13.472</b>                                 |  |   |
| Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>                             | 17,8  | -4,5  | 20,2  | 12,8  | 10,0   | 23,2                                      | 22,4  |  |   |
| 7. Árgreiðsla, 6% <i>Imputed cost of capital, 6%</i>                     | 15.308  | 1.157   | 1.806   | 2.532   | 2.965  | 2.013                                     | 4.835   |  |   |
| <b>8. Hreinn hagnaður <i>Profit (8.=3.-7.)</i></b>                       | <b>16.358</b>   | <b>-495</b>                                   | <b>2.488</b>  | <b>2.157</b>                                  | <b>2.329</b>                                 | <b>2.274</b>                              | <b>7.604</b>                                  |  |   |
| Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>                             | 10,4  | -7,4  | 11,0  | 9,2   | 10,0   | 10,7                                      | 12,7  |  |   |

Tafla 2. Rekstraryfirlit fiskveiða 2013 (frh.)  
 Table 2. Operating accounts of fishing 2013 (cont.)

| Milljónir króna<br>Million ISK                               | Bátar                                   |       | Bátar                                      |        | Uppsjávar-<br>veiðiskip<br>Pelagic<br>vessels | Ísfisk-<br>togarar<br>Fresh fish<br>trawlers | Frysti-<br>togarar<br>Freezer<br>trawlers |
|--|---|-------|--|--------|---|--|---|
|  | undir 10 b.t.<br>Boats<br>Alls<br>Total |       | 10–200 b.t.<br>Boats<br>less than<br>10 GT |        | >200 b.t.<br>Boats over<br>200 GT             |  |   |
|  |   |       | GT   |        | GT  |  |   |
| <b>Upplýsingar um skip <i>Characteristics of vessels</i></b> |   |       |  |        |   |  |   |
| Fjöldi <i>Fleet – number of vessels</i>                      | 1.425                                   | 1.003 | 280  | 61     | 21  | 28   | 32  |
| Brúttótonn (b.t. – meðaltal) <i>Fleet – average GT</i>       | 648                                     | 6     | 35   | 384    | 1.504   | 693  | 1.911                                     |
| Skráð lengd (metrar – meðaltal)                              |   |       |  |        |   |  |   |
| <i>Fleet – average length</i>                                | 32                                      | 8     | 14   | 33     | 60  | 41   | 58  |
| Vélarstærð (kW) <i>Fleet - average kW</i>                    | 1312                                    | 175   | 252  | 656    | 3.696   | 1.188  | 3.044                                     |
| Meðalsmíðaár <i>Fleet - building year</i>                    | 1987                                    | 1990  | 1992                                       | 1978   | 1982  | 1985   | 1989                                      |
| Vátryggingaverðmæti, milljónir króna                         |   |       |  |        |   |  |   |
| <i>Insurance value, million ISK</i>                          | 128.261                                 | 9.690 | 15.130                                     | 21.216 | 24.842  | 16.870                                       | 40.513                                    |
| <b>Afli, þúsund tonn <i>Volume, thousand tonnes</i></b>      |   |       |  |        |   |  |   |
| Þorskur <i>Cod</i>   | 1.362,0                                 | 27,4  | 95,8                                       | 118,4  | 610,0   | 115,4  | 394,9                                     |
| Ýsa <i>Haddock</i>   | 235,9                                   | 17,2  | 52,6                                       | 63,5   | 1,3   | 61,8   | 39,6                                      |
| Ufsi <i>Saithe</i>   | 45,4                                    | 1,9   | 15,4                                       | 11,0   | 0,3   | 7,8  | 9,1                                       |
| Karfi <i>Redfish</i>   | 57,4                                    | 2,3   | 2,3  | 8,8    | 0,8   | 14,5   | 28,6                                      |
| Humar <i>Lobster</i>   | 68,9                                    | 0,2   | 1,0  | 4,5    | 0,1   | 17,8   | 45,2                                      |
| Rækja <i>Shrimp</i>  | 1,7                                     | –     | 0,1  | 1,3    | –   | 0,4  | –   |
| Síld <i>Herring</i>  | 10,9                                    | 0,0   | 2,5  | 4,1    | –   | 1,9  | 2,4                                       |
| Norsk-íslensk síld <i>Atlantic-Scandian herring</i>          | 65,4                                    | 0,6   | 0,3  | 0,1    | 51,3  | 0,3  | 12,7                                      |
| Loðna <i>Capelin</i>   | 92,0                                    | –     | –  | 0,2    | 57,9  | 0,1  | 33,8                                      |
| Kolmunni <i>Blue whiting</i>                                 | 451,0                                   | –     | –  | –      | 356,0   | –  | 95,1                                      |
| Makrill <i>Mackerel</i>                                      | 107,1                                   | –     | –  | 0,0    | 79,1  | 0,0  | 28,0                                      |
| Annað <i>Other</i>   | 153,8                                   | 1,1   | 3,7  | 3,8    | 63,0  | 4,6  | 77,7                                      |
|  | 72,5                                    | 4,0   | 18,0                                       | 21,1   | 0,2   | 6,4  | 22,8                                      |
| <b>Verðmæti, milljónir kr. <i>Value, million ISK</i></b>     |   |       |  |        |   |  |   |
| Þorskur <i>Cod</i>   | 152.559                                 | 6.296 | 21.747                                     | 22.287 | 22.970  | 20.705                                       | 58.554                                    |
| Ýsa <i>Haddock</i>   | 47.309                                  | 4.395 | 12.154                                     | 11.664 | 195   | 10.287                                       | 8.616                                     |
| Ufsi <i>Saithe</i>   | 12.086                                  | 584   | 4.443                                      | 2.639  | 68  | 1.927  | 2.424                                     |
| Karfi <i>Redfish</i>   | 9.801                                   | 331   | 350  | 1.228  | 99  | 1.901  | 5.891                                     |
| Humar <i>Lobster</i>   | 15.950                                  | 2     | 248  | 979    | 49  | 4.079  | 10.592                                    |
| Rækja <i>Shrimp</i>  | 808,4                                   | –     | 74,4                                       | 562,8  | –   | 171,2  | –   |
| Síld <i>Herring</i>  | 3.545                                   | 4     | 724  | 1.203  | –   | 495  | 1.120                                     |
| Norsk-íslensk síld <i>Atlantic-Scandian herring</i>          | 4.129                                   | 48    | 22   | 4      | 2.873   | 14   | 1.170                                     |
| Loðna <i>Capelin</i>   | 6.418                                   | –     | –  | 7      | 2.569   | 2  | 3.840                                     |
| Kolmunni <i>Blue whiting</i>                                 | 16.358                                  | –     | –  | –      | 11.903  | –  | 4.455                                     |
| Makrill <i>Mackerel</i>                                      | 3.029                                   | –     | –  | 0,0    | 2.088   | –  | 941                                       |
| Annað <i>Other</i>   | 15.403                                  | 103,9 | 345  | 291    | 3.117   | 367  | 11.180                                    |
|  | 17.723                                  | 828   | 3.388                                      | 3.709  | 10  | 1.462  | 8.326                                     |

**Skýringar Notes:** Við gerð þessa yfirlits hefur úrtak í viðkomandi útgerðarflokki verið stækkað þannig að tekjur af sölu afla stemmi við heildartekjur af sölu afla í viðkomandi útgerðarflokki eins og þær eru áætlaðar af Hagstofu Íslands og Fiskistofu. Tekjur þeirra útgerðardeilda sem eru með í úrtakinu eru 79% af tekjum báta undir 10 brúttótonnum, 82% af tekjum báta 10–200 brúttótonn, 66% af tekjum báta yfir 200 brúttótonn, 74% af tekjum uppsjávarveiðiskipa, 75% af tekjum ísfisktogara og 100% af tekjum frystitogara sem gerir um 88% af heildinni. Inn í rekstraryfirliti frystiskipa eru nokkur skip sem frysta uppsjávarafla. *These operating accounts are of grossed up to near complete coverage. The sample size of each type of ship has been grossed up to totals with reference to the total value of catch by type of ship as estimated by Statistics Iceland and Directorate of Fisheries. The sample size was as follows: Boats less than 10 GRT 79%; boats 10-200 GRT 82%; boats over 200 GRT 66%; pelagic vessels 74%; fresh fish trawlers 75% and freezer trawlers 100% or 88% of the total. Included in the freezer trawlers operating account are a few trawlers that freeze pelagic species.*

**Tafla 3. Rekstraryfirlit fiskvinnslu 2013**  
**Table 3. Operating accounts of fish processing 2013**

|  | Milljónir króna<br>Million ISK |                      |                             | Söltun<br>og hersla<br><i>Salting<br/>and<br/>drying</i> | Mjöl- og<br>lysisvinnsla<br><i>Fish<br/>meal<br/>and oil</i> | Ferskfisk-<br>vinnsla<br><i>Fresh<br/>fish<br/>processing</i> |
|--|--------------------------------|----------------------|-----------------------------|--|--|---|
|  |                                | Alls<br><i>Total</i> | Frysting<br><i>Freezing</i> |  |  |   |
|  |                                |                      |                             |  |  |   |
| <b>1. Tekjur alls <i>Operating revenues</i></b>                        | <b>237.525</b>                 | <b>115.446</b>       | <b>41.707</b>               | <b>40.821</b>  | <b>39.551</b>  |   |
| 1.1 Útflutningstekjur <i>Export products</i>                           | 209.321                        | 91.534               | 38.666                      | 40.203   | 38.918   |   |
| 1.2 Innanlandssala afurða <i>Domestic sale of products</i>             | 22.333                         | 20.587               | 1.136                       | 265  | 346  |   |
| 1.3 Seldur aflí - Selt hráefni<br><i>Domestic sale of fresh fish</i>   | 1.356                          | 539                  | 731                         | 86   | -1   |   |
| 1.4 Aðrar tekjur <i>Other income</i>                                   | 4.516                          | 2.786                | 1.174                       | 268  | 288  |   |
| <b>2. Aðföng alls <i>Intermediate consumption</i></b>                  | <b>167.166</b>                 | <b>77.410</b>        | <b>29.819</b>               | <b>28.129</b>  | <b>31.809</b>  |   |
| 2.1 Hráefni <i>Raw material</i>  | 129.667                        | 60.627               | 22.599                      | 21.131   | 25.310   |   |
| 2.2 Rafmagn <i>Electricity</i>   | 2.990                          | 1.113                | 421                         | 1.238  | 219  |   |
| 2.3 Oliur <i>Oil</i>   | 1.470                          | 62                   | 39                          | 1.369  | -  |   |
| 2.4 Tryggingar <i>Insurance</i>  | 376                            | 138                  | 76                          | 126  | 36   |   |
| 2.5 Umbúðir <i>Packaging</i>   | 9.463                          | 4.911                | 1.671                       | 518  | 2.362  |   |
| 2.6 Flutningskostnaður <i>Transportation costs</i>                     | 6.102                          | 2.793                | 1.381                       | 370  | 1.558  |   |
| 2.7 Viðhald <i>Maintenance and repair</i>                              | 6.660                          | 2.852                | 847                         | 2.123  | 837  |   |
| 2.8 Önnur aðföng <i>Other intermediate consumption</i>                 | 10.439                         | 4.913                | 2.784                       | 1.256  | 1.487  |   |
| <b>3. Vinnsluvirði <i>Value added (3.=1.-2.)</i></b>                   | <b>70.359</b>                  | <b>38.037</b>        | <b>11.888</b>               | <b>12.693</b>  | <b>7.741</b>   |   |
| 4. Laun og tengd gjöld <i>Compensation of employees</i>                | 29.449                         | 15.695               | 6.085                       | 2.362  | 5.308  |   |
| 5. Skattar á framleiðslu <i>Taxes on production</i>                    | 557                            | 185                  | 181                         | 94   | 97   |   |
| <b>6. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA)</b>                            | <b>40.352</b>                  | <b>22.157</b>        | <b>5.622</b>                | <b>10.237</b>  | <b>2.336</b>   |   |
| <i>Share of capital, gross</i>   |                                |                      |                             |  |  |   |
| Hlutfall af tekjum <i>Percentage of revenue</i>                        | 17,0                           | 19,2                 | 13,5                        | 25,1   | 5,9  |   |
| 7. Afskriftir <i>Depreciation</i>                                      | 5.487                          | 2.593                | 867                         | 1.488  | 539  |   |
| 8. Rekstrarafgangur <i>Operating surplus (8=6.-7.)</i>                 | 34.865                         | 19.564               | 4.755                       | 8.748  | 1.797  |   |
| 9. Vextir og gengismunur <i>Interest and exchange rate adjustments</i> | 2.085                          | 330                  | 1.622                       | 339  | -206   |   |
| <b>10. Hreinn hagnaður (EBT) <i>Net profit (10.=8.-9.)</i></b>         | <b>32.779</b>                  | <b>19.234</b>        | <b>3.133</b>                | <b>8.409</b>   | <b>2.003</b>   |   |
| Hlutfall af tekjum <i>Percentage of revenue</i>                        | 13,8                           | 16,7                 | 7,5                         | 20,6   | 5,1  |   |
| 11. Árgreiðsla (6%) <i>Imputed cost of capital, 6%</i>                 | 7.760                          | 3.707                | 1.268                       | 2.071  | 715  |   |
| <b>12. Hreinn hagnaður <i>Net profit (12.=6.-11.)</i></b>              | <b>32.592</b>                  | <b>18.450</b>        | <b>4.355</b>                | <b>8.166</b>   | <b>1.621</b>   |   |
| Hlutfall af tekjum <i>Percentage of revenue</i>                        | 13,7                           | 16,0                 | 10,4                        | 20,0   | 4,1  |   |

**Skýringar Notes:** Við gerð þessa yfirlits hefur úrtak í viðkomandi vinnsludeild verið stækkað þannig að útflutningstekjur stemmi við heildartekjur af útflutningi af viðkomandi vörutegundum samkvæmt tölum Hagstofunnar. Útflutningsframleiðsla þeirra vinnsludeilda, sem eru með í úrtakinu, var 66% af útflutningi landfrysts botnfishs, 74% af útflutningi botnfishsöltunar, 83% af útlflutningi mjölvinnslu og 71% af útflutningi ferskra afurða, sem gerir um 81% af heildinni. Ekki er gert sérstakt yfirlit yfir rekstur herslu, hörpudiskvinnslu, síldarsöltun og er rekstur þeirra talinn með rekstri botnfishsöltunar. Rækjuvinnsla er innifalinn í frystingu. *These operating accounts are grossed up to a complete coverage. The sample size of each type of processing has been grossed up to totals with reference to the total value of exports by type of processing as estimated by Statistics Iceland. The sample size was as follows: Freezing 66%; Salted fish 74%; fish meal and oil 83%; fresh fish export 71% or 81% of the total. A separate operating account is not constructed for stock fish production scallop freezing salting of herring and these productions are included in salt fish production. Shrimp production is included in freezing production.*

